

19. stjórnarfundur Leiknar, miðvikudaginn 5. mars 2008, kl. 15.30.
Haldinn í húsnæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í Skeifunni 8 í Reykjavík.

Mætt: Smári Haraldsson, Hulda Ólafsdóttir, Guðjónína Sæmundsdóttir, Hildur Elín Vignir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og Björg Árnadóttir. Emil Björnsson boðaði forföll. Hildur Elín þurfti að yfirgefa fundinn kl. 16.30.

Dagskrá

1. Fundargerð 18. fundar frá 14. janúar. Samþykkt og undirrituð.
2. Ársreikningur 2007. Guðjónína lagði fram ársreikning og kynnti hann. Heildartekjur ársins voru 756.541 kr. Kostnaður var 401.738. Á sérkjarareikningi er 1.665.986. Ógreiddir reikningar vegna ársins eru aðkeypt þjónusta 315.000 og fundarkostnaður 52.750. Rekstur ársins er því nokkurn veginn sléttur. Umræður urðu um reikningana. Samþykkt að setja ársreikninginn upp aftur og hafa ógreiddu reikningana inni í ársreikningi. Guðjónína mun senda úrskýringar á reikningum í tölvupósti. Stjórn samþykkir reikningana þannig og vísar þeim til skoðunarmanna þeirra Kristínar Jónsdóttur og Finns Þórs Gunnþórssonar.
3. Aðalfundur Leiknar fyrir árið 2008 og málþing um umhverfismál og fullorðinsfræðslu. Samþykkt var að leggja til við aðalfund að félagsgjald verði 45.000.- Aðalfund skal halda fyrir lok maí mánaðar skv. samþykktum. Samþykkt að halda aðalfund mánudaginn 28. apríl kl. 12.00 – 13.30 með léttum hádegisverði. Ráðstefnan verður haldin kl. 13.30 til 15.30.
4. Hugleiðingar formanns um stöðu Leiknar og Kvasis sbr. niðurlag 4. liðar frá 14. janúar 2008. Smári kynnti minnisblað sitt um málið. Umræður urðu um möguleika til samstarfs þessara aðila. Einnig var rætt hvernig Leikn gæti verið áhugaverður vettvangur fyrir félagsaðila sína. Samþykkt að ræða málið á aðalfundi Leiknar. Sömu leiðis mun Smári ræða málið innan Kvasis.
5. Norræni samráðsfundurinn í Osló 14. og 15. febrúar 2008, sbr. 3. lið frá 14. jan. 2008. Fyrir fundinum lá fundargerð norræna fundarins. Farið var yfir helstu mál. Næsti fundur samráðsins verður 8. október í Kaupmannahöfn og síðan 5. og 6. febrúar í Vilnius.
6. Framtiden for Nordisk Nettverk for Voksnes Læring (frá Sturla Bjerkaker). Formaður lagði fram minnisblað frá Sturla Bjerkaker um framtíð NVL. Minnisblaðið var rætt og ákveðið að stjórnarmenn gerðu athugasemdir til formanns á næstu dögum.
7. Önnur mál.
 - a. Björg Árnadóttir sagði frá upplýsingavef sem netið um formlega fullorðinsfræðslu er að setja upp. Það vantar upplýsingar inn á vefinn frá Íslandi. Samþykkt að Smári leiti leiða með starfsmanni. Jafnframt að Smári sendi logo Leiknar til Bjargar vegna þessa máls.
 - b. Hulda minnti á að Stefán Stefánsson hefði vísað til Leiknar tímasetningu á Viku símenntunar. Fundarmenn töldu málið hafa verið leyst á fundi ráðuneytisins sem haldinn var fyrir í dag.

- c. Hulda greindi frá ferð sinni til Grikklands á fund hjá Cedefop 28. og 29. febrúar. Hulda var valin til að sækja fundinn fyrir hönd „social partners“. Viðfangsefnið var hvernig hægt er að hvetja aðila vinnumarkaðarins til að taka þátt í námsheimsóknum Cedefop. Fram kom að Íslendingar hafa staðið sig vel þegar kemur að þátttöku í námsheimsóknum. Almenn er mikið um afboðanir á síðustu stundu í þessar ferðir, sem veldur vandræðum í skipulagningu ferðanna.

Fundi var slitið kl. 17.10.

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir skrifaði fundargerð.